

Föstudaginn 21. nóvember 1975.

Nr. 163/1975. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Jóhannssyni.

Dó m e n d u r :

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson
og Einar Arnalds.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. nóvember 1975, sem barst Hæstarétti 18. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1975.

Ár 1975, mánudaginn 17. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 24. júní sl. var stolið rafmagnsritvél úr Tryggingastofnun ríkisins. Hinn 13. eða 14. október sl. var vél þessi seld Guðmundi Arasyni, forstjóra í þvottahúsinu Fönn, Langholtsvegi 113 hér í borg. Sá, sem seldi Guðmundi vélina, var Jóhann Jóhannsson, Eskihlið 8 hér í borg. Guðmundur kvað Jóhann hafa selt sér tvær slíkar rafmagnsritvélar. Auk hinnar fyrrnefndu hefði hann keypt af honum rafmagnsritvél í mars sl.

Þá kærði Guðmundur Arason Jóhann fyrir að hafa stolið umslagi með rúmlega kr. 130.000 í af skrifborði sínu, þegar hann var þar staddur þann 13. eða 14. október sl.

Jóhann Jóhannsson neitaði að hafa stolið ritvélinni úr Tryggingastofnun ríkisins og umslaginu með peningunum. Kvaðst hann

hafa keypt báðar ritvélnar eftir auglýsingu í dagblaði og ekki muna, af hverjum hann keypti.

Jóhann var hinn 29. október sl. úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald, á meðan rannsókn málsins færi fram, og rennur sá tími út í dag.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós, að vél sú, er Jóhann seldi Guðmundi Arasyni í marsmánuði, hefur verið stolið úr Verslunarskóla Íslands.

Við húsleit heima hjá Jóhanni fannst þriðja ritvélin, ferðarítvél af gerðinni Olivetti, og kvaðst Jóhann hafa keypt hana í fornverslun á Grettisgötu. Í ljós hefur komið, að vél þessari var stolið í innbroti, sem framið var í Gagnfræðaskóla Austurbæjar hinn 17. október 1973.

Að minnsta kosti tveir tékkar úr fyrrgreindu umslagi, sem stolið var í þvottahúsinu Fönn, eru komnir fram með fölsuðu framsali. Er framsal á annan þeirra vélritað með ritvél með sams konar stafagerð og er á Olivetti ritvélinni, sem fannst heima hjá Jóhanni Jóhannssyni.

Rannsókn máls þessa er ekki nærri lokið ennþá.

Virðist nauðsynlegt að kanna allar auglýsingar um ritvélar til sölu í dagblöðum borgarinnar. Þá þykir nauðsynlegt, að rithandarsérfræðingur athugi framsalið á umræddum tékkum og beri samæn við rithönd Jóhanns auk þess sem kanna þarf, ef hægt er, framburð hans um ferðarítvélin.

Með vísan til framanritaðs svo og 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt að framlengja gæsluvarðhald Jóhanns Jóhannssonar, svo ljúka megi rannsókninni, en 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 þykir ekki vera gæsluvarðhaldi þessu til fyrirstöðu, þar sem brot þau, er Jóhann er grunaður um, varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga og geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Jóhanns Jóhannssonar framlengist um 20 daga frá 17. nóvember 1975.